

FUNDARGERÐ BÆJARRÁÐS ÁRBORGAR

116. fundur bæjarráðs Árborgar, kjörtímabilið 2022-2026 haldinn fimmtudaginn 6. febrúar 2025, í Setri Egils, Ráðhúsi Árborgar, Austurvegi 2, Selfossi, kl. 08:10.

Mætt:

Sveinn Ægir Birgisson, formaður, D-lista
Axel Sigurðsson, varamaður, Á-lista
Arnar Freyr Ólafsson, bæjarfulltrúi, B-lista
Arna Ír Gunnarsdóttir, áheyrnarfulltrúi, S-lista
Bragi Bjarnason, bæjarstjóri

Dagskrá:

Almenn erindi

1. 2403229 - Milliuppgjör og fjárhagstölur 2024

Lagt fram milliuppgjör sveitarfélagsins út desember 2024.

Lagt fram milliuppgjör sveitarfélagsins út desember 2024.

2. 2501373 - Tillaga frá bæjarfulltrúum B-lista - byggingarréttargjald á Eyrarbakka og Stokkseyri

Tillaga frá bæjarfulltrúum B-lista, Framsóknar um að byggingarréttargjald verði fellt niður á Eyrarbakka og Stokkseyri til og með 31. desember 2026. Tillagan er lögð fram eftir að afsláttur af byggingarréttargjaldi hefur verið veittur á svæði 1 á Selfossi.

Bæjarráð samþykkir að fresta afgreiðslu málsins og felur bæjarstjóra að taka saman gögn í samræmi við umræður á fundinum til frekari úrvinnslu á tillögunni.

Samþykkt

3. 1707234 - Hönnun Sigtúnsgarðs

Á 91. fundi bæjarráðs var mannvirkja- og umhverfissviði falið að láta vinna tillögu að útfærslu ásamt kostnaðaráætlun við hönnun og leggja fyrir bæjarráð.

Lagt fram minnisblað sviðstjóra mannvirkja- og umhverfissviðs, dags. 27. janúar.

Bæjarráð samþykkir að farið verði í vinnu við að setja fram stefnu um notagildi garðsins. Bæjarráð, fulltrúar af mannvirkja- og umhverfissviði

ásamt hönnuði Landhönnunar slf. munu leiða vinnuna í samstarfi við hagsmunaaðila.

Samþykkt

4. 2501293 - Byggðakvóti fiskveiðiársins 2024-2025

Erindi frá matvælaráðuneytinu, dags. 22. janúar, um úthlutun byggðakvóta til byggðalaga á fiskveiðiárinu 2024-2025 - Eyrarbakki og Stokkseyri. Úthlutun byggðakvóta til byggðalaga liggur fyrir. Óskað er eftir að sveitarfélög sem ekki hafa fyrirhugað að senda ráðuneytinu tillögur að sérreglum sendi ráðuneytinu staðfestingu um slíkt. Ef leggja á fram tillögur um sérreglur þá er sveitarfélögum gefinn frestur til 21. febrúar n.k. að senda ráðuneytinu tillögur um sérreglur.

Lagt fram minnisblað bæjarritara, dags. 29. janúar.

Við undirbúning tillagna að sérreglum var haft samráð við útgerðaraðila og vinnsluaðila. Bæjarráð samþykkir að sérreglur verði óbreyttar frá síðasta ári. Þar sem gerð er sú sérregla að heimild sé til að landa byggðakvóta til vinnslu innan sveitarfélagsins, ekki bara byggðakjarna. Ekki er talin ástæða til að breyta þessu ákvæði þrátt fyrir byggðakvóti sé aðeins í einum byggðakjarna.

Samþykkt

5. 2310498 - Atvinnustefnu - Árborg - Hveragerði - Flóahreppur

Kynnt samantekt á niðurstöðum atvinnustefnu neðri hluta Árnessýslu og næstu skref.

Lögð fram drög að sameiginlegri atvinnustefnu Sveitarfélagsins Árborgar, Hveragerðisbæjar og Flóahrepps. Farið yfir markmið, áherslur og tillögur að aðgerðum. Bæjarstjóra falið að vinna málið áfram.

Samþykkt

6. 2410243 - Verkefnið - endurskoðun leiðakerfis landsbyggðarvagna

Fundargerð kynningarfundar Vegagerðarinnar með hagaðilum á verkefninu endurhönnun á leiðarkerfi landsbyggðarstrætó frá 22. janúar sl..

Lagt fram til kynningar. Fram kom að Sveitarfélagið Árborg verði í áframhaldandi samstarfi við Vegagerðina um endanlegt leiðarkerfi og stoppistöðvar landsbyggðarvagna innan Selfoss.

7. 2501521 - Styrkbeiðni - boðsbréf - Landsþing Slysavarnafélagsins Landsbjargar í Árborg 2025

Erindi frá Slysavarnarfélaginu Landsbjörg, dags. 30. janúar, þar sem bæjarstjóra er boðið að ávarpa Landsþing félagsins sem haldið verður í Vallaskóla á Selfossi 9. og 10. maí nk. ásamt því að óskað er eftir styrk frá sveitarfélaginu um að gefa eftir húsaleigu vegna aðstöðunnar í Vallaskóla.

Bæjarráð fagnar því að landsþing Slysavarnarfélagsins Landsbjargar verði haldið í Árborg og samþykkir niðurfellingu á húsaleigu í Vallaskóla þá helgi.

Samþykkt

8. 2501426 - Sundkennsla á unglíngastigi í grunnskólum landsins

Erindi frá mennta- og barnamálaráðuneytinu dags. 23. janúar, um breytingu á framkvæmd sundkennslu á unglíngastigi í grunnskólum landsins.

Lagt fram til kynningar.

9. 2501290 - Ályktun - sala áfengis á íþróttaviðburðum

Ályktun frá haustfundu Félags íþróttá-, æskulýðs- og tómstundafulltrúa á Íslandi vegna sölu áfengis á íþróttaviðburðum.

Lagt fram til kynningar.

Fundargerðir

10. 2411018F - Eigna- og veitunefnd - 38

38. fundur haldinn 21. janúar.

11. 2501027F - Ungmennaráð - 10/2024

10. fundur haldinn 27. janúar.

Fundargerðir til kynningar

12. 2301114 - Fundargerðir stjórnar Sorpstöðvar Suðurlands 2023 - 2026

330. fundur haldinn 18. desember.

Lagt fram til kynningar.

13. 2501349 - Fundargerðir stjórnar Bergrisans bs 2025

80. fundur haldinn 13. janúar.

Lagt fram til kynningar.

14. 2401222 - Fundargerðir stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga 2024

960. fundur haldinn 13. desember.

Lagt fram til kynningar.

15. 2502026 - Fundargerðir stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga 2025

961. fundur haldinn 17. janúar.

962. fundur haldinn 22. janúar.

Lagt fram til kynningar.

Fundargerð lesin upp og fundi slitið kl: 09:50

Sveinn Ægir Birgisson

Axel Sigurðsson

Arnar Freyr Ólafsson

Arna Ír Gunnarsdóttir

Bragi Bjarnason

* Rafræn skilríki

Undirritað af: Axel Sigurðsson

Kennitala: 2608902719

Tími: 06.02.2025 9:51

Samþykkt

Undirritað með 

* Rafræn skilríki

Undirritað af: Arna Ír Gunnarsdóttir

Kennitala: 2708703339

Tími: 06.02.2025 9:52

Samþykkt

Undirritað með 

* Rafræn skilríki

Undirritað af: Sveinn Ægir Birgisson

Kennitala: 1202983059

Tími: 06.02.2025 9:54

Rafræn undirritun í fundagátt One

Undirritað með 

* Rafræn skilríki

Undirritað af: Bragi Bjarnason

Kennitala: 2504815359

Tími: 06.02.2025 10:30

Samþykkt

Undirritað með 

* Rafræn skilríki

Undirritað af: Arnar Freyr Ólafsson

Kennitala: 2412735719

Tími: 06.02.2025 12:17

Samþykkt

Undirritað með 